

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1324/2001

frá 29 júní 2001

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1617/93 varðandi samráð um fargjöld og úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllumFRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3976/87 frá 14. desember 1987 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða á sviði flutninga í lofti ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 2. gr.,að birtum drögum að þessari reglugerð ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samninga og yfirburðastöðu á sviði flutninga í lofti,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1617/93 ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1083/1999 ⁽⁴⁾, veitti framkvæmdastjórnin hópundanþágu, meðal annars fyrir samráð um gjaldskrár fyrir farþega og farangur þeirra í áætlunarflugi og úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum og gerð flugvallaráætlunar. Sú reglugerð gildir til 30. júní 2001.
2. Framkvæmdastjórnin hefur átt frumkvæði að samráði um hvort hópundanþágunni fyrir samráð um fargjöld skuli haldið í sinni núverandi mynd. Því samráði mun ljúka fyrir árslok 2001. Í framhaldi af þessu samráði mun framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu um nýja hópundanþágu eða hefja sérstaka málsmeðferð. Því ber

að framlengja gildandi hópundanþágu fyrir samráð um fargjöld um eitt ár.

3. Ástæðurnar, sem gefnar voru 1993 fyrir veitingu hópundanþágu fyrir samninga og samstilltar aðgerðir varðandi úthlutun afgreiðslutíma og gerð flugvallaráætlunar um flugþjónustu milli flugvalla í bandalaginu, eru enn í fullu gildi. Það er því við hæfi að framlengja þessa hópundanþágu. Til að gefa kost á aðlögun hópundanþágunnar þegar fyrirhugaðar breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum ⁽⁵⁾ verða samþykktar skal leyfa framlengingu um þrjú ár.
4. Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 1617/93 í samræmi við þetta.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Í 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1617/93 komi eftirfarandi í stað annarrar málsgreinar:

„Hún gildir til 30. júní 2002 að því er varðar undanþágu fyrir samráð um gjaldskrár fyrir farþega og farangur þeirra og til 30. júní 2004 að því er varðar undanþágu fyrir úthlutun afgreiðslutíma og gerð flugvallaráætlunar.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 2001.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 374, 31.12.1987, bls. 9.⁽²⁾ Stjttíð. EB C 107, 7.4.2001, bls. 4.⁽³⁾ Stjttíð. EB L 155, 26.6.1993, bls. 18.⁽⁴⁾ Stjttíð. EB L 131, 27.5.1999, bls. 27.⁽⁵⁾ Stjttíð. EB L 14, 22.1.1993, bls. 1.